



Áttunda smáforritið í jólaþema 2017 er Google Drive. Ég valdi það af því þetta er sú skýjalausn sem ég hef notað mest í gegnum árin. Fyrst notaði ég almennan Google Drive aðgang í gegnum gmailið mitt, árið 2013 setti ég upp GAFE (Google Apps For Education) kerfi í Lágafellsskóla og notaði það mikið í kennslu. Núna nota ég G-Suite sem við erum að innleiða í leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar samhliða spjaldtölvuinnleiðingunni. Fyrr á þessu ári breytti Google nafni GAFE í G-Suite sem ég vel að kalla Google skólaumhverfið. Forritið er ókeypis, aðgengilegt í öllum vefvöfrum sem og smáforrit fyrir [iOS](#) og [Android](#) spjöld.

Google Drive er gagnageymsla Google skólaumhverfisins. Þar geta notendur vistað ýmiskonar rafræn gögn og hafa til þess nánast ótakmarkað geymslupláss. Auðvelt er að búa til nýja möppu, ritvinnsluskjöl, glærुकynningu eða töflureikniskjal, hlaða upp gögnum, taka myndir eða myndskaið. Allt sem notandi gerir vistast sjálfkrafa.

Það sem heillar mig helst við Google Drive fyrir utan einfaldleikan er samvinnumöguleikinn, mjög auðvelt er að deila möppum, skjölum eða myndum. Mögulegt er að veita mismunandi réttindi þegar skjölum er deilt, s.s. lesréttindi, réttindi til að breyta eða aðeins að bæta við athugasemdum. Skjöl geta verið gerð aðgengileg útvöldum aðilum, einskorðuð við ákveðinn hóp eða aðgengileg öllum á internetinu.

Miklir möguleikar eru á notkun Google Drive í skólastarfi á öllum skólastigum, of margir til þess að telja upp hér. Það einfaldar samskipti, verkefnaskil og fækkar prentuðum blaðsíðum.